

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	13.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Sorpstöð Fjarðabyggðar	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Ingi Hjartarson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu. Árið 2022 var urðað umfram árlegar heimildir á magni úrgangs. Enn er unnið samkvæmt úrbótaáætlun vegna eldra fráviks sem enn er opið, varðar það að koma upp sigmælingum á urðunarstað og stendur sú vinna enn yfir. Annað frávik varðar að ekki skilið allar skráningar sér til eftirlitsaðila fyrir 1 maí. Vantaði uppá skráningar um niðurstöður vöktunarmælinga. Var mælingum skilað 17.júlí og telst því frávikinu lokið.

Tvær ábendingar er lagðar fram, er varða niðurstöður vöktunarmælinga innra eftirlits og minnt á að öll skil á skráningum eigi að vera lokið fyrir 1 maí fyrir hvert undangengið almannaksár. Að auki ber rekstraraðili sjálfur ábyrgð á að koma sínum skilum áfram til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í vettvangsheimsókn á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunes. Fjarðabyggð er með starfsleyfi sem gefið var út þann 13.ágúst 2021 og gildir til 6. febrúar 2036. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti 3000 tonnum af úrgangi á ári.

Á fundinum sátu Ari Sigurðsteinsson verkstjóri, Rúnar Ingi Hjartarson verkefnastjóri umhverfismála og Íris Dögg Aradóttir verkefnastjóri framkvæmdasviðs hafna. Í eftirliti á urðunarstað var einnig Bjarki Birgisson starfsmaður urðunarstaðar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil samkv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Kynning á menguðum jarðvegi, breyttri gjaldskrá og breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlita

Samkvæmt ársyfirliti ársins 2022 voru urðuð 3.780,93 tonn í Þernunesi og var því urðað 26% umfram heimild og því frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili kom því á framfæri að miklu magni af útþynntu laxafóðri hafi verið ráðstafað á urðunarstað, eftir að prammi sökk í sunnanverðum Reyðarfirði þann 10 janúar 2021. Magn fóðurs sem sökk í höfninni er áætlað um 400 tonn samkvæmt heimildum af vefsíðu Austurfréttar, skrifað þann 22 ágúst 2022.

Árið 2022 var mest urðað af blönduðum heimilisúrgangi (30%), sem og blönduðum óskilgreindum úrgangi (35%) sem féll til frá rekstri fyrirtækja innan sveitafélags Fjarðabyggðar. Talsvert féll til af viðarúrgangi (25%), rest tilheyrir öðrum flokkum.

Vegna áhersluverkefnis Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg var rætt um hvenær urðun á svæðinu á Þernunesi hófst. Urðun á staðnum hófst í kringum síðustu aldamót. Ekki er vitað til þess að miltisbrandur eða riða hafi verið urðað á staðnum. Rekstraraðili nefndi að asbest er urðað á staðnum en er ekki haldið aðskilið frá öðru. Samkvæmt grein 1.2. í starfsleyfi þarf að skrásetja staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni og sjá þarf til þess að þau séu ekki urðuð með lífrænum úrgangi.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun sem samþykkt var í febrúar fyrr á þessu ári vegna útistandandi frávíks frá gr 4.1 og 4.4 í starfsleyfi sem fjallar um sigmælingar. Til stendur að koma upp mælipunktum fyrir sigmælingar seinna í sumar samkvæmt úrbótaáætlun. Verður staðan á því tekin út við næsta reglubundna eftirlit, þegar framkvæmd áætlunarinnar á að vera lokið.

Engin mengunar- eða umhverfisóhöpp áttu sér stað á síðasta almanaksári, sem og engar breytingar hafa verið gerðar á rekstri eða starfsemi.

Rekstraraðili tekur tillit til vindafars þegar tekið er á móti úrgangi og var m.a. minnst á að deginum fyrir eftirlit var ekki tekið á móti neinum úrgangi vegna hás vindstyrks.

Minnt er á mikilvægi innra eftirlits urðunarstaðar og að skila beri öllum gögnum fyrir 1.maí ár hvert. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir því að allar mælingar séu komnar til skila á réttum tíma.

Niðurstöður sýna að gildi á arsen (Ar), barín (Ba) og selen (Se) í sigvatni eru eftirtektarverð ef borin eru saman við viðmið á mælipáttum á almennum úrgangi, sbr. reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Ágætt er að að fylgjast með þessum þáttum í næstu mælingum. Einnig er gildi kadmíns eftirtektarverð, þó ekki í sigvatni. Samkvæmt starfsleyfi, gr. 1.7 ber að endurskoða starfsleyfi ef vart verður við mengunar sem er meiri en búast má við. Það er mat eftirlitsaðila að sjá hvernig mælingum næsta árs reiðir af og endurmeta stöðuna út frá þeim niðurstöðum. Þá skal meta hvort ástandið hafi verið tilfallandi eða sé viðvarandi.

Almennt var svæðið snyrtilegt. Til stendur að fjarlægja einn viðarskúr sem stendur á svæðinu og hreinsa til í kringum hann. Hvað urðunarrein varðar, þá safnast falskt yfirborðsvatn fyrir í úrganginum, þá helst í tveimur reinum. Vatnið er rautt ásýndar, og skýrist líklegast af að þar er urðaður sellulósi sem fellur til frá álveri sem staðsett er innan sveitarfélagsins.

Rekstraraðila var kynnt breytingar varðandi boðun eftirlita og breyttri gjaldskrá fyrir reglubundin eftirlit Umhverfisstofnunar. Einnig mun urðunarstaðurinn vera skrásettur inn í gagnagrunn Umhverfisstofnunar um mengaðann jarðveg, eins og til stendur um alla urðunarstaði landsins.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga sbr. 4.1 fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr 19. gr. laga nr. 55/2003. Ekki skiluðu allar skráningar sér fyrir þann tíma, en upp á vantaði niðurstöður vöktunarmælinga, sbr. gr. 4.2.
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Samkvæmt ársyfirliti rekstraraðila voru urðuð 3780,93 tonn í Þernunesi árið fi2022. Heimild í starfsleyfi miðar við hámark 3000 tonn á ári.

ÁBENDINGAR

- 1) Niðurstöður vöktunarmælinga innra eftirlits skulu vera vel skilgreindar og merktar með tilliti til staðsetninga og hvað sé mælt hverju sinni þegar þeim er skilað.
- 2) Rekstraraðili ber einn ábyrgð á skilum á þeim skráningum sem þurfa að koma fram í árlegri skýrslugjöfi til eftirlitsaðila sbr. grein 4.5 og einnig að henni sé skilað á tilskyldum tíma sbr. grein 4.4. í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir

